Leikskólinn Grænatún



Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2026 – 2027

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Efnisyfirlit

1. Formáli....3
2. Inngangur....3
3. Skólastarfið/Leiðarljós....3
4. Mat á skólastarfi....4
Innra mat leikskólans....4
Ytra mat....6
5. Umbótaáætlun....7
6. Áherslur í starfi leikskólans....7
7. Þróunar- og nýbreytnistarf....8
8. Foreldrasamstarf....8
Foreldraráð....8
Foreldrafélag....9
10. Símenntunaráætlun....9
Skipulagsdagar....9
11. Aðrar upplýsingar....10
12. Húsnæði og lóð....10
Skólaárið 2025 - 2026....10
Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027....10
13. Öryggismál....11
14. Lokaorð....11
15. Fylgigögn....11
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun....11
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun....11
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal....11
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs....11

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af Aðalnámskrá, Menntastefnu Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Starfsáætlun Grænatúns fyrir skólaárið 2026-2027 byggir á niðurstöðum innra mats sem fór fram á liðnu skólaári. Í matsferlinu tókum við saman fjölbreyttar upplýsingar um skólastarfið, bæði frá starfsfólki, foreldrum og stjórnendum. Lögð var áhersla á að skoða hvernig daglegt starf, samskipti og skipulag nýtist börnum og fjölskyldum þeirra, auk þess sem við ígrunduðum hvernig við getum þróað starfið áfram í takt við stefnu Kópavogsbæjar og Aðalnámskrá leikskóla.

Niðurstöður matsins sýndu að margt gengur mjög vel í leikskólastarfinu og að við eigum sterkan grunn sem við viljum viðhalda. Á sama tíma komu fram svið þar sem við getum þróað okkur áfram og bætt verklag, bæði í samskiptum, upplýsingaflæði og sýnileika á stefnu skólans. Við höfum einnig greint þau atriði sem þarfnast sérstakrar athygli og munum vinna markvisst að umbótum á þeim sviðum á komandi skólaári.

Á skólaárinu héldum við áfram að vinna með verkefnin okkar um Lubba finnur málbein, Numicon, Vináttuverkefnið Blæ ásamt þess að yngsta deildin vinnur með könnunarleik. Við urðum Réttindaskóli UNICEF í lok síðasta skólaárs og hefur því verið viðhaldið á þessu skólaári að koma Barnasáttmálanum enn betur inn í æðakerfi skólans. Líkt og fyrri ár lögðum við mikla áherslu á útiveru og útinámi barnanna. Einnig voru byggðar upp stundir með slökun og jóga og var elsta deildin að vinna með Lausnahringinn.

Áherslur næsta skólaárs verða meðal annars á að efla upplýsingaflæði til foreldra, styrkja innra starf og samvinnu milli deilda. Við leggjum áfram áherslu á leikgleði, vellíðan og öflugt samstarf við foreldra, þannig að hver dagur verði innihaldsríkur og gleðilegur fyrir börnin okkar.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Leikskólinn Grænatún tekur mið af og vinnur eftir markmiðum þeim sem lög kveða á um. Helstu áherslur skólans í starfi eru virkt nám barnsins, að barnið læri með því að framkvæma og gera tilraunir sjálft „Learning by doing“ frá John Dewey. Dewey lagði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

áherslu á að virkja hina miklu athafnaþörf barnsins og vekja áhuga þess. Dewey taldi að barnið ætti að læra af eigin reynslu, virkni og áhuga og samkvæmt kenningum John Dewey á barnið ávallt að vera í brennidepli. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, hann er kennsluaðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og afla sér þekkingar. Hinn frjálsi sjálfsprottni leikur barnsins er talinn „leikur leikjanna“. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna. Í leik er barnið einbeitt og það er upptekið af augnablikinu. Fjölþætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni.

Einkunnarorð skólans eru „**Leikur og gleði**“ og leggjum við mikla áherslu á að einkunnarorðin okkar skíni í gegn í okkar starfi.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í Aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og Aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Grænatúns eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks. Í matsteymi skólans sitja deildarstjórar ásamt aðstoðarleikskólastjóra.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Matsþættir	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x	x	x
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x		x	
Viðhorf foreldra	x		x	
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Á skólaárinu 2025-2026 var innra mat Grænatúns unnið með áherslu á stjórnun, uppeldis- og menntastarf, leikskólabrag og innra mat sjálft. Matinu var ætlað að varpa ljósi á styrkleika og tækifæri til þróunar í starfi leikskólans. Meðaleinkunn var yfirleitt há, eða á bilinu 3,2 til 3,7 af 4,0, sem endurspeglar traustan grunn í öllu skólastarfi. Sérstaklega var leikskólabragurinn metinn sem styrkleikasvið, þar sem engin umbótasvið komu fram og jákvæðni, leikur og gleði einkenndu daglegt starf.

Stjórnun var metin með meðaleinkunn 3,6 og þar komu fram þrjú umbótasvið. Litið var á samskipti, sýnileika stefnu og upplýsingaflæði sem þætti sem hægt er að bæta. Uppeldis- og menntastarf hlaut sömu meðaleinkunn og þar komu fjögur umbótasvið í ljós, einkum varðandi aðgengi að upplýsingum, nýtingu útisvæðis og samvinnu við foreldra. Innra matið sjálft fékk meðaleinkunn 3,2 og þar má bæta þátttöku deilda og eftirfylgni með niðurstöðum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Í heild sýna niðurstöðurnar að Grænatún byggir á sterkum grunni og að starfsfólk og foreldrar eru almennt ánægðir með leikskólann, þó að tækifæri séu til að efla enn frekar ákveðna þætti í starfinu.

Í Grænatúni taka öll 3 ára börn EFI-2 í janúar og eru niðurstöður tilkynntar foreldrum í foreldraviðtölum í febrúar. Þegar þörf er á er fylgt verklagi skólaþjónustu og beiðni send fyrir aðkomu talmeinafræðings vegna barns. Auk þess fer íhlutun af stað þar sem markviss málörvun fer fram í litlum hópum inn á deildum. Þá fara öll 5 ára börn í HLJÓM-2 yfir skólaárið og er foreldrum þeirra einnig tilkynnt niðurstöður í foreldraviðtölum. Ef barn kemur undir meðalgetu í þeirri skimun fer íhlutun af stað inn á deild og skimunin síðan endurtekin á vorönn.

Skólaárið 2026 - 2027 verður lögð áhersla á heilbrigði og vellíðan í innra mati.

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og Aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Vinnustaðagreining meðal starfsfólks var framkvæmd vor 2026. Í Grænatúni voru það 45% starfsfólks sem tók þátt í könnuninni. Niðurstöður vinnustaðagreiningar komu ágætlega út en þó einhverjir hlutir sem þarf að rýna betur í og betrumbæta. Það sem skoraði lægst bæði hjá okkur og á landsvísu voru starfsaðstæður og þarf því að huga að því á komandi ári.

Skólapúlsinn meðal foreldra fór einnig fram vor 2026. Niðurstöður heilt yfir voru mjög góðar og lýstu foreldrar ánægju sinni með leikskólann. Foreldrar upplifa að almennt líði börnunum vel í leikskólanum. Í opnu svörunum var sérstaklega hrósað fyrir að allt starfsfólk þekki börnin vel, að andrúmsloftið sé rólegt og vinalegt og að lögð sé áhersla á útiveru. Helstu tækifæri til úrbóta sneri að upplýsingagjöf þar sem var óskað eftir frekari innsýn í daglegt starf, hvað væri verið að vinna með að hverju sinni o.s.frv.

Eldvarnareftirlitið kom til okkar þar sem var farið yfir slökkvibúnað. Einnig var endurnýjað brunakerfið í upphaf skólaárs út frá skoðun þeirra.

Skólaárið 2026 - 2027 verður lögð fyrir könnun meðal starfsfólks á vegum Skólapúlsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Grænatúni er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgiskjali 1.

6. Áherslur í starfi leikskólans

Á næsta skólaári leggjum við í Grænatúni áherslu á að viðhalda þeim styrkleikum sem hafa einkennt starfið okkar. Við viljum halda áfram að skapa hlýlegt og öruggt umhverfi þar sem börn njóta sín, fá að taka þátt og þroskast í samræmi við eigin forsendur. Vellíðan barnanna er okkur hjartans mál og við vinnum áfram eftir markmiðum Aðalnámskrár leikskóla og Menntastefnu Kópavogsbæjar, með hliðsjón af réttindum barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Skessudeild hefur verið að vinna með Lausnahringinn síðustu tvö skólaár og mun sú vinna halda áfram þar sem við erum einn þeirra leikskóla sem eru að taka þátt í innleiðingu þróunarverkefnisins um Lausnahringinn á næsta skólaári. Grænatún varð Réttindaskóli UNICEF fyrir ári síðan og munum við halda áfram að viðhalda þeirri nafnbót. Unnið er með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðin í öllu okkar starfi en með því að vera Réttindaskóli UNICEF er Barnasáttmálinn orðinn mun sýnilegri innan veggja skólans og starfsfólk meðvitað í gegnum allt sitt starf um Barnasáttmálann. Einnig hafa verið unnin sameiginleg verkefni tengd Barnasáttmálanum í þemavikum yfir skólaárið sem við munum einnig gera næsta skólaár.

Á skólaárinu 2025-2026 var unnið að bæði Læsisstefnu og Málstefnu Grænatúns. Við nýttum skipulagsdag í að skipta starfsfólki upp í litla hópa þar sem umræður áttu sér stað um þær áherslur sem starfsfólki fannst mikilvægar. Því næst voru niðurstöðurnar teknar saman og *Læsisstefna Grænatúns* og *Málstefna Grænatúns* voru myndaðar. Á komandi skólaári verður lögð áhersla á að hafa þessar stefnur sýnilegar bæði fyrir foreldra og starfsfólk. Þá þarf einnig að að festa það í sessi að farið verður yfir stefnurnar með öllu nýju starfsfólki.

Við vinnum verkefnið *Okkar skóli* í samráði við Réttindaráð Grænatúns þar sem öll elstu börn leikskólans sitja í ráðinu. Þar fara fram lýðræðislegar samræður meðal barnanna um hvað vanti í leikskólann og komist að niðurstöðum í sameiningu. Við vinnum verkefnið ávallt á haustönn og hefur verið góðar viðbætur sem hafa komið til út frá verkefninu. T.d. var peningurinn nýttur í bílabrautir og segulkubba á síðasta skólaári og verður forvitnilegt að sjá hvað verði fyrir valinu á komandi skólaári.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Við höfum hafið vinnu á nýrri skólanámskrá og hefur sú vinna gengið ágætlega. Við munum nýta komandi skólaár að fullvinna skólanámskránna út frá nýjum áherslum Aðalnámskrá.

Hæfnirammar í íslensku fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eru nýttir fyrir öll fjöltyngd börn sem þurfa á því að halda. Innleiðing þeirra hófst vor 2025 í Grænatúni og stefnum við á að fylla út í hæfnirammana a.m.k. tvisvar fyrir hvert barn yfir skólaárið 2026-2027. Við nýtum handbók um móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þá boðum við foreldrum nýrra barna í viðtal með túlk þar sem við nýtum gátlista fyrir móttökuviðtölin úr handbókinni.

Starfsfólk fékk endurtekna fræðslu um farsældarlögin í upphaf síðasta skólaárs og mun einnig fá fræðslu við upphaf næsta skólaársins til að allt starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi þeirra. Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni. Lögin eiga að tryggja að börn og foreldrar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Tengiliður farsældar í Grænatúni er Elísa Björg Benediktsdóttir.

Í Grænatúni er starfrækt lausnarteymi. Í teyminu sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri ásamt deildarstjóra þess barns sem málið kemur við. Lausnarteymið fundar með reglulegum hætti en þar er unnið að lausnum til að styðja við börn sem þurfa á því að halda og fjölskyldur þeirra.

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Á komandi skólaári munum við taka þátt í þróunarverkefninu Lausnahringurinn og innleiðingu hans í leikskólanum. Hugmyndin á bak við Lausnahringinn er fengið frá Uppeldisstefnunni Jákvæðum aga og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en Lausnahringurinn kennir börnunum að setja mörk í samskiptum. Með innleiðingu Lausnahringsins fær allur leikskólinn sameiginlegt tungumál fyrir samskipti og lausnaleit.

8. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forsjáraðilar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Í leikskólanum Grænatúni er mikil áhersla lögð á góða samvinnu við heimili barnanna. Góð samvinna foreldra/forsjáraðila og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og góðri líðan barnsins.

Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og fundar reglulega. Í því sitja 2-3 foreldrar ásamt skólastjóra. Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur má finna á heimasíðu leikskólans. Það er kosið í foreldraráð á foreldrafundi á haustin og kemur fram á

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

heimasíðu leikskólans hverjir sitja í því. Foreldraráð kemur að faglegu starfi leikskólans, les meðal annars yfir árlega starfsáætlun og skrifar umsögn.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Foreldrafélagið fundar einu sinni til tvisvar á önn en að öðru leyti fara samskiptin að mestu leyti fram í gegnum lokaðan fésbókarhóp. Kosið er í foreldrafélag á Aðalfundi foreldrafélagsins á haustin og er tilgreint hverjir sitja í félaginu á heimasíðu leikskólans.

9. Starfsfólk

Í Grænatúni er gert ráð fyrir 10,28 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 40% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 162% stöðugildi í eldhúsi. Að auki er 4,53 starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Síðasta starfsár voru 18,75 stöðugildi, en þar af 3,29 stöðugildi vegna sérkennslu.

Leikskólaárið 2026 - 2027 munu starfa í Grænatúni auk stjórnenda, 3 leikskólakennarar með deildarstjórn, 2 leikskólakennarar, 1 í meistaranámi í leikskólakennarafræðum við HA, 1 sérkennslustjóri með meistarapróf í leikskólakennarafræðum, 4 háskólamenntað starfsfólk (kennaramenntun, íþrótta- og heilsufræði, félagsráðgjöf og ferðamálafræði), 1 leikskólaliði, 1 í leikskólaliðanámi og 7 leiðbeinendur og flestir með áratuga reynslu af leikskólastarfi, 1 matráður og 1 aðstoðarmatráður.

10. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

1. **Föstudaginn 11. september** – Fyrirlestur og umræður vegna innleiðingar á þróunarverkefninu um Lausnahringinn og deildarfundir til að skipuleggja veturinn
2. **Miðvikudaginn 11. nóvember** – Endurmenntun og starfsmannafundir
3. **Föstudaginn 15. janúar** – Deildarfundir, fræðsluerindi og undirbúningur foreldraviðtala
4. **Þriðjudaginn 9. mars** – Endurmenntun og starfsmannafundir
5. **Föstudaginn 7. maí** – Endurmat og umbætur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau t.a.m. kraganámskeiðin og námskeið á Fræðslutorgi Kópavogsbæjar. Starfsfólk er hvatt til að sækja öll þau námskeið sem þar eru að finna.

11. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna í árgöngum

2021	15 börn
2022	15 börn
2023	15 börn
2024	12 börn
2025	6 börn

Samtals 63 nemendur

Sérkennsla verða 2 stöðugildi og fjöldi fjöltyngdra barna á skólaárinu verða alls 16.

12. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2025 – 2026

Á skólaárinu var korkur í leikskólanum tekinn og málað þar sem það þurfti eftir þá vinnslu. Það var endurnýjaður bakaraofn í eldhúsi og á útisvæði var trévirki tekið sem var komið til ára sinna og tyrft þar yfir. Einnig var endurnýjað brunakerfið í upphaf skólaársins. Einnig er áætlað að dúkleggja Skessudeildina í sumarfríinu. Skipt verður um innihurðar á nýju skólaári og eru hurðirnar komnar í pöntun.

Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027

Innandyra

- Mála leikskólann að innan
- Fá nýjar hurðar alls staðar í húsi (er komið í pöntun)
- Fá stóla og borð á Trölladeild og Skessudeild
- Endurbætur á salernisaðstöðu á Trölladeild

Utandyra

- Laga aðgengi þeirra sem koma með vörur í eldhús og koma því helst utan lóðar.
- Loka hliði endanlega til hliðar við hús Trölladeildarmegin.
- Mála skólann
- Lagfæra/fjarlægja gróðurkassana á lóð
- Viðhalda fótboltavelli

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

13. Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.
Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Öryggisnefnd: Bryndís Árnadóttir Waage, Elísa Björg Benediktsdóttir, Ingibjörg Erna Sigurðardóttir og Jóna Kristín Gunnlaugsdóttir.
Öryggistrúnaðarmaður: Bryndís Árnadóttir Waage og Ingibjörg Erna Sigurðardóttir
Öryggisverðir: Jóna Kristín Gunnlaugsdóttir og Elísa Björg Benediktsdóttir
Áfallaráð: Jóna Kristín Gunnlaugsdóttir, Elísa Björg Benediktsdóttir og Þórunn Jóhannsdóttir.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Sjóvá.
Skólaárið 2025 – 2026 voru 19 atvik skráð. Öll atvikin voru minniháttar og tengdust flest útisvæðinu. Flest atvikin voru að þeirri gerð að ekki var hægt að fyrirbyggja þau.

14. Lokaorð

Við í Grænatúni horfum með jákvæðum augum fram á skólaárið 2026-2027 með áherslu á að efla enn frekar samskipti, sýnileika á stefnu og upplýsingaflæði til barna, foreldra og starfsfólks. Við viljum halda áfram að byggja á þeim styrkleikum sem hafa mótað leikskólastarfið okkar og vinna markvisst að þeim umbótasviðum sem komu fram í innra mati. Við hlökkum til að taka á móti nýju skólaári með gleði og samheldni, þar sem velferð og vellíðan barna eru ávallt í forgrunni.

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun
Fylgiskjal 3 - Skóladagatal
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	**Vegna**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímarammi**	**Ábyrgð**	**Viðmið um árangur**	**Staða**
Setja verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum.		Útbúa og samþykkja verklagsreglur gegn einelti og ágreiningi. Kynna reglurnar fyrir öllum starfsmönnum. Endurskoða reglurnar árlega.	Haust	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Verklagsreglur til staðar og starfsfólk hefur fengið kynningu.	Í vinnslu
Uppfærar og bæta aðgengi að starfsmannahandbók		Endurskoða innihald starfsmannahandbókar. Gera handbókina rafræna og aðgengilega öllum. Kynna breytingar fyrir starfsfólki.	Haust	Leikskólastjóri	Handbók uppfærð og aðgengileg öllu starfsfólki.	Í vinnslu
Hindranir í þátttöku í símenntun		Starfsmannasamtöl taki á þessu	Haust	Stjórnendur	Símenntunaráætlun	Spurt um símenntun í stuttum haust samtölum, farið yfir möguleika, grunnur til að símenntunaráætlun
Efla markvissa vinnu með heimamenningu allra barna		Safna upplýsingum um heimamenningu og tungumál barna. Skipuleggja verkefni þar sem fjölbreytt menning kemur fram. Deila efni og fróðleik um menningarlegan fjölbreytileika með starfsfólki og foreldrum.	2026/2027	Deildarstjórar og kennarar	Verkefni endurspegla fjölbreyttan bakgrunn barna	Í vinnslu
Auka þátttöku barna í mati á eigin námi.		Innleiða reglulegar samræður við börn um nám og líðan. Nota myndrænar og fjölbreyttar aðferðir til að fá fram sjónarmið	Allt skólaárið	Deildarstjórar og kennarar	Börn taka reglulega þátt í mati og niðurstöður eru nýttar í starfi	Í vinnslu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

		barna.				
Kerfisbundin eftirfylgni með framkvæmd umbóta		Halda reglulega fundi þar sem farið er yfir stöðu umbótaverkefna. Skjalfesta framvindu og meta árangur.	Allt skólaárið	Stjórnendateymi	Eftirfylgni skjalfest og framvinda umbóta greinileg.	Ekki hafið
Bæta hljóðvist og draga úr hávaða í húsnæðinu		Skoða lausnir eins og mottur, gluggatjöld, skilrúm, hópaskipting í rýmum, bolta undir stóla	Haust	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Starfsfólk meti hljóðvist betri en áður.	Áhersla á hópaskiptingu og nýtingu rýma á öðrum deildum fyrir hópa
Starfsmannasamtöl regluleg yfir árið		Stjórnendur taki frá tíma, kynni fyrir starfsfólki til að skapa pressu	2026/2027	Skólastjórnendur	Allt starfsfólk hafi fengið samtal.	Í vinnslu
Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda, upplifun á mikilvægi starfs		Hrósa, miðla upplýsingum, deila ábyrgð. Hópefli, uppákomur í daglegu starfi o.s.frv.	Allt skólaárið	Stjórnendateymi	Könnun til starfsfólks	Í vinnslu
UNICEF	Endurmat	Aðgerðaráætlun unnin fyrir endurmat	Haustið 2026	UNICEF teymið	Símenntunaráætlun	Vinna hafin, UNICEF-teymið hittist í upphaf skólaárs og leggur línurnar
Efla upplýsingaflæði til foreldra	Út frá ytra mati	Oftar myndir með viðfangsefnum í leikskólanum – allt starfsfólk meðvitað um samtöl við foreldra í lok dags – halda áfram „föstudags“ póstunum	2026/2027	Deildarstjórar	Stefna á vikuleg innlegg t.d.	Í vinnslu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun						
Þátttakendur	**Lýsing á námskeiði**	**Markmið**	**Dagsetning**	**Tímafjöldi**	**Kostnaður**	**Ábyrgð**
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Haust 2026	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	1x mánuði	ca 45 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og mentor
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	2 tímar= 4 tímar eftir vinnu. Starfsmannafundir	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	3 tímar x2 = 6 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Skipulagsdagur	Almenn fræðsla og endurmenntun, sjá nánar dagskrá skipulagsdaga			Unnið á vinnutíma, starfsmaður velferðarsviðs	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Aðalfundur foreldrafélagsins	Kynning á straumum og stefnum skólans	Byrjun október	2 tímar		Leikskólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	2 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2026 - 2027

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2026 - 2027

Nafn skóla: Grænatún

		ÁGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NÓVEMBER			DESEMBER			JANÚAR			FEBRÚAR			MARS			APRÍL			MAÍ			JÚNÍ			JÚLÍ	
1	L			1	Þ		1	F		1	S		1	Þ	Fullveldisdagurinn	1	F	Nýársdagur	1	M		1	M		1	F		1	L	Verkalýðsdagurinn	1	Þ		1	F	
2	S			2	M		2	F	Fræði	2	M	Vinavika - Lestrarátak hefst	2	M	Helgileikur Skeiasudeild	2	L		2	Þ		2	Þ		2	F	Fræði	2	S		2	M		2	F	
3	M	Frídagur verslunarmanna		3	F		3	L		3	Þ		3	M	Helgileikur Tröllaá/Dverga	3	S		3	M		3	M		3	L		3	M		3	F		3	L	
4	Þ	Sumarlokun		4	F	Fræði	4	S		4	M		4	F	Fræði	4	M	Ljósa- og skuggavika	4	F		4	F		4	S		4	Þ		4	F		4	S	
5	M	Sumarlokun		5	L		5	M		5	F		5	L		5	Þ		5	F	Fræði - Haldið uppá dag leikskólans	5	F	Fræði	5	M		5	M	Fræði	5	L		5	M	
6	F	Leikskóli opnar 13:00		6	S		6	Þ		6	F	Grænn dagur - fræði	6	S		6	M	Þrettándinn	6	L	Dagur leikskólans	6	L		6	Þ		6	F	Uppstigningardagur	6	S	Sjómannadagurinn	6	Þ	Leikskóli lokar 13:00
7	F			7	M		7	M		7	L		7	M		7	F		7	S	Dagur tónlistarskólans	7	S		7	M		7	F	Skipulagsdagur	7	M		7	M	Sumarlokun
8	L			8	Þ	Dagur læsis	8	F		8	S	Bæráttudagur gegn einelti	8	Þ		8	F	Fræði	8	M	Bolludagur	8	M		8	F		8	L		8	Þ		8	F	Sumarlokun
9	S			9	M		9	F		9	M		9	M		9	L		9	Þ	Sprengidagur	9	Þ	Skipulagsdagur	9	F		9	S		9	M	Sumarhátíð foreldrafélagsins	9	F	Sumarlokun
10	M			10	F		10	L		10	Þ		10	F		10	S		10	M	Öskudagur	10	M		10	L		10	M		10	F		10	L	
11	Þ			11	F	Skipulagsdagur	11	S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11	M	Skipulagsdagur	11	F		11	M		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	S		11	Þ	Vorhátíð	11	F		11	S	
12	M			12	L		12	M		12	F		12	L		12	Þ		12	F		12	F		12	M		12	M		12	L		12	M	Sumarlokun
13	F			13	S		13	Þ		13	F		13	S		13	M		13	L		13	L		13	Þ		13	F		13	S		13	Þ	Sumarlokun
14	F			14	M		14	M	Aðalfundur foreldrafélagsins	14	L		14	M		14	F		14	S		14	S	Dagur stærðfræðinnar	14	M		14	F		14	M		14	M	Sumarlokun
15	L			15	Þ		15	F		15	S		15	Þ		15	F	Skipulagsdagur	15	M		15	M		15	F		15	L		15	Þ		15	F	Sumarlokun
16	S			16	M	Dagur íslenskrar náttúru	16	F		16	M	Dagur íslenskrar tungu - Lestrarátaki lýkur	16	M		16	L		16	Þ		16	Þ		16	F		16	S	Hvítasunnudagur	16	M		16	F	Sumarlokun
17	M			17	F		17	L		17	Þ		17	F	Hátíðardagur	17	S		17	M		17	M		17	L		17	M	Annar í Hvítasunnu	17	F	Lýðveldisdagurinn	17	L	
18	Þ			18	F		18	S		18	M		18	F		18	M		18	F		18	F		18	S		18	Þ		18	F		18	S	
19	M			19	L		19	M		19	F		19	L		19	Þ		19	F	Mömmu/ömmu kaffi	19	F		19	M		19	M		19	L		19	M	Sumarlokun
20	F			20	S		20	Þ		20	F	Dagur mannréttinda barna	20	S		20	M		20	L		20	L		20	Þ		20	Þ		20	S		20	Þ	Sumarlokun
21	F			21	M		21	M		21	L		21	M		21	F		21	S	Konudagur - Upphaf Góu	21	S	Pálmasunnudagur	21	M		21	F		21	M		21	M	Sumarlokun
22	L			22	Þ		22	F	Skráningardagar	22	S		22	Þ		22	F	Pönnukl, Pæbbaæfa kaffi	22	M	Skráningardagar	22	M	Skráningardagar	22	F	Sumardagurinn fyrsti	22	L		22	Þ		22	F	Sumarlokun
23	S			23	M		23	F	Skráningardagar	23	M		23	M	Þorlákomessa	23	L		23	Þ	Skráningardagar	23	Þ	Skráningardagar	23	F		23	S		23	M		23	F	Sumarlokun
24	M			24	F		24	L	Fyrsti vetrardagur	24	Þ		24	F	Aðfangadagur jóla	24	S		24	M		24	M	Skráningardagar	24	L		24	M		24	F		24	L	
25	Þ			25	F		25	S		25	M		25	F	Jóladagur	25	M		25	F		25	F	Skírdagur	25	S		25	Þ		25	F		25	S	
26	M		Evrópski tungumáladagurinn	26	L		26	M		26	F		26	L	Annar í jólum	26	Þ		26	F	Glitnandi dagur	26	F	Föstudagurinn langi	26	M		26	M		26	L		26	M	Sumarlokun
27	F			27	S		27	Þ	Bangsadagur	27	F	Rauður dagur	27	S		27	M		27	L		27	L		27	Þ		27	F	Útskrift elstu barna	27	S		27	Þ	Sumarlokun
28	F			28	M		28	M		28	L		28	M	Skráningardagar	28	F		28	S		28	S	Páskadagur	28	M		28	F		28	M		28	M	Sumarlokun
29	L			29	Þ		29	F		29	S		29	Þ	Skráningardagar	29	F					29	M	Annar í Páskum	29	F		29	L		29	Þ		29	F	Sumarlokun
30	S			30	M		30	F	Bóndadagur	30	M		30	M	Skráningardagar	30	L					30	Þ		30	F		30	S		30	M		30	F	Sumarlokun
31	M						31	L	Hrekkjavaka				31	F	Gamlársdagur	31	S					31	M					31	M					31	L	

Skráningardagar | Skipulagsdagar | Uppbrotsdagar | Viðburðir með þátttöku foreldra

Skjal sótt af '000000000' dags: 11.11.2026

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs í Grænatúni 2026 – 2027. Foreldraráð hefur farið yfir og samþykkt starfsáætlun Grænatúns fyrir árið 2026-2027.

Starfsáætlunin rímar vel við það metnaðarfulla starf sem ávallt er unnið í leikskólanum og endurspeglar þann ramma sem starfsfólkið setur.

Börnin fá svo að njóta góðs af þeim umbótum og stefnum og fá að njóta sín í leik og gleði, eins og einkunnarorð skólans eru.

Sérstaklega er ánægjulegt að sjá hvaða skref verða tekin í að hlúa að fjöltyngdum börnum og bjóða þau og fjölskyldur þeirra velkomin í það góða samfélag sem leikskólinn Grænatún er.

Gerð málstefnu og læsisstefnu er framfaraskref og hvetjum við leikskólann til þess að kynna stefnurnar á árlegum kynningarfundi fyrir nýja foreldra.

Verkefnið Lausnahringurinn er til fyrirmyndar og skilar sér sannarlega heim með börnunum.

Aðbúnaðurinn í Grænatúni hefur verið góður og óskum við eindregið eftir því að Kópavogsbær gangi í það viðhald sem óskað er eftir á árinu.

Starfs- og umbótaáætlunin sýnir enn á ný hversu mikill metnaður er fyrir leikskólastarfinu hjá stjórnendum og starfsfólki Grænatúns og því ber að fagna.

Foreldraráð Grænatúns 2025-2026

Erla Hlín Henrysdóttir og Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026